



Alþingi
Erindi nr. P 139/1426
komudagur 22. 2. 2011

21. febrúar 2011
SI-70736

Nefndasvið Alþingis
nefnadasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um óháðan og gagnsæjan uppboðsmarkað fyrir eignir banka og fjármálastofnana sem hafa verið yfirteknar, þskj. 114 - 106. mál.

Með tölvupósti dags. 31. janúar 2011 óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Tillagan felur í sér að stofnaður verði óháður og gagnsær uppboðsmarkaður fyrir eignir banka og fjármálastofnana sem hafa verið yfirteknar, í því skyni að auka skilvirkni efnahagslífsins og trúverðugleika íslensk fjármálakerfis, efla með því traust almennings og stuðla að gagnsærra samfélagi.

Um fjármálafyrirtæki gilda lög nr. 161/2002. Í 1. mgr. 22. gr. þeirra laga er að finna takmarkaða heimild fyrir fjármálafyrirtæki til að yfirtaka eignir og stunda aðra atvinnustarfsemi en þá sem um getur í IV. kafla laganna. Tilgangur ákvæðisins er að er að takmarka áhættu fjármálafyrirtækja og koma í veg fyrir að þau stundi að staðaldri starfsemi sem ótengd er starfsemi fjármálafyrirtækja. Löggjafinn telur engu að síður nauðsynlegt að fjármálafyrirtæki hafi slíka heimild tímabundið og í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum eða til að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila. Fjármálafyrirtæki sem hyggst nýta sér þessa heimild verður að senda tilkynningu ásamt rökstuðningi þar að lútandi til Fjármálaeftirlitsins. Hafi fjármálafyrirtæki þurft að grípa til þeirra aðgerða að taka yfir a.m.k. 40% eignarhlut í viðskiptaaðila sínum kveður 22. gr. á um að ákvæði VII. og VII. kafla laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007 skuli gilda um viðskiptaaðilann eftir því sem við á. Fjármálaeftirlitið metur hvort skilyrði séu uppfyllt og er meginreglan að endurskipulagningu skuli lokið innan 12 mánaða. Þess má jafnframt geta að fjármálafyrirtæki verða samkvæmt lögum nr. 44/2005 að leita eftir heimild Samkeppniseftirlitsins til yfirtöku fyrirtækis að hluta eða öllu leyti og eru slíkar heimildir iðulega veittar með miklum takmörkunum eða skilyrðum.

Einnig er fjármálafyrirtækjum talið nauðsynlegt að geta yfirtekið eignir til að tryggja fullnustu kröfu og skulu eignirnar seldar jafnskjótt og hægt er, sbr. 2. mgr. 22. gr.


Í greinargerð með þingsályktunartillögunni segir að öllum bönkum og fjármálastofnunum yrði gert að auglýsa yfirteknar eignir sem ætlunin er að selja á þar til gerðum óháðum markaði. Að svo miklu leyti sem einhliða notkun uppboðsmarkaðar myndi draga úr endurheimtum er vafasamt hvort hægt sé að skylda fjármálafyrirtæki til að ráðstafa eignum sínum með þessum hætti án þess að hætta sé á að bótaábyrgð gæti komið til.

Í greinargerðinni segir jafnframt að markmið þingsályktunartillögunnar sé að auka skilvirkni efnahagslífsins og trúverðugleika íslenska fjármálakerfisins, efla traust almennings og stuðla að gagnsærra samfélagi. Seðlabankinn sér ekki þau rök að skilvirkni aukist við að fullnustueignir verði seldar á uppboði þar sem til staðar eru fagstéttir sem veita slíka þjónustu og starfa á grundvelli opinberra leyfisveitinga, sbr. fasteignasalar. Þá bendir Seðlabankinn á að veruleg vandkvæði eru á því að selja hluti í óskráðum félögum á opinberum uppboðsmarkaði þar sem slíka hluti má ekki auglýsa á opnum markaði án skráningarlýsingar svo dæmi sé nefnt.

Tilgangur tillöguflytjenda að auka gagnsæi í sölu þeirra miklu eigna sem fjármálastofnanir sitja nú uppi með er góðra gjalda verður. Þá er það eðlilegt sjónarmið að eignir séu seldar hæstbjóðenda nema að gildar ástæður hamli. Skylda til að nota uppboðsmarkað hefur hins vegar í för með sér ýmis vandkvæði og samrýmist ekki endilega því markmiðið að hámarka endurheimtur. Því væri æskilegra að finna aðrar leiðir til að auka gagnsæi. Í þessu ljósi sér Seðlabankinn ekki ástæðu til að mæla með þingsályktunartillögunni.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson,
seðlabankastjóri


Sigríður Logadóttir,
aðallögfræðingur